

Ed.

134. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá Bjarna Snæbjörnssyni.

Við frvgr.

- a. Í stað „300“ i 2. málsg. komi: 500.
- b. Aftan við greinina bætist: enda séu nauðsynleg lyf og læknisverkfæri fyrirleggjandi i héraðinu, og skiptist ágóðinn af lyfjasólunni að jöfnu milli lyfjaeiganda og viðkomandi læknis. Hafi umsækjandi um héraðslæknisembætti gegnt aðstoðarlæknisstarfi, skal tekið tillit til þess við veitingu embættisins.